

Tónlistarskólar: 2 síðustu námsár kennaradeilda Tónlistarskólans í Reykjavík, svo og tónlistarnemar á 7. og 8. námsstigi skv. námsstigakerfi Tónlistarskólans í Reykjavík.

Tækniskóli Íslands, raungreinadeild og tækninám, annað en meinatækni. Vélskólar.

Þroskaþjálfaskóli Íslands, 2. og 3. ár.

Nám á tæknifræðistigi og meinatækninám við Tækniskóla Íslands, svo og nám í framhaldsdeild Bændaskólans á Hvanneyri telst aðstoðarhæft skv. 1. gr.

### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. gr. laga nr. 57/1976, um námslán og námsstyrki, öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 17. maí 1978.*

**Vilhjálmur Hjálmarsson.**

*Birgir Thorlacius.*

## S A M Þ Y K K T

### um hundahald í Búðahreppi.

#### 1. gr.

Hundahald er bannað í Búðahreppi, að undanskildum leitarhundum og hundum til aðstoðar blindu og fötlugu fólki, samkvæmt læknisráði.

#### 2. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að veita einstaklingum í hreppnum undanþágu til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum:

- Hundurinn skal skráður á skrifstofu hreppsins, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.
- Árlega skal sveitarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda, sem undanþága er veitt fyrir. Gjaldið, sem sveitarstjórn ákveður fyrir eitt ár í senn, skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundum í hreppnum og skal upphæð þess við það miðuð.
- Skylt er hundeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni, að tryggingin sé í fullu gildi.
- Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi, í fylgd með aðila, sem fullt vald hefur yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í matvöruverslanir eða aðra staði, þar sem matvæli eru um hönd höfð.
- Leyfi fyrir einstökum hundum eru jafnan háð því, að þeir raski eigi ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum sem um hreppinn fara, til óþæginda.
- Hundeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða, þar á meðal reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal hundinum komið fyrir sé um minni háttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eigandi hundsins yrði þá að leysa hundinn þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar

vegna brotsins. Sé um að ræða alvarlegt brot eða ítrekað brot, afturkallast viðkomandi undanþága til hundahaldsins.

Sveitarstjórn er heimilt, hvenær sem er, að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll leyfi, telji hún þess þörf.

### 3. gr.

Ofangreind samþykkt hreppsnefndar Búðahrepps, staðfestist hér með skv. 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki og lögum nr. 12/1969 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. maí 1978.*

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

*Ingimar Sigurðsson.*

## AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíðinni 1978.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi grundvallarverð fyrir framleiðslu frysts humars á humarvertíð 1978:

<b>6×5 lbs. og 5×5 lbs. í skel garndreginni.</b>	pr. lbs. Cif. U.S.A.
7—9 .....	kr. 1 981
9—12 .....	— 1 868
12—15 .....	— 1 755
15—18 .....	— 1 585
18—24 .....	— 1 358
24—30 .....	— 1 189
<b>5×3 kg í skel með görn.</b>	
7—12 .....	kr. 1 472
12—15 .....	— 1 302
15—30 .....	— 1 109
30—45 .....	— 826
<b>6×3 kg og 5×6 lbs. í skel með görn.</b>	pr. lbs. Cif. Milano
35—60 .....	kr. 571
45—60 .....	— 571
<b>6×5 lbs. í skel með görn.</b>	pr. lbs. Cif. U.S.A.
7—9 .....	kr. 1 783
9—12 .....	— 1 681
12—15 .....	— 1 580
15—18 .....	— 1 427
18—24 .....	— 1 222
24—30 .....	— 1 070

Verðbil verður 3%.